

BORGARRÁÐ 11. apríl 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins svo auka megi þátttöku barna í almennum bólusetningum - R19040149

Borgarráð samþykkir að leita samstarfs við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um aukna þátttöku barna í almennum bólusetningum. Leitast verði eftir því að heilsugæslan tryggji viðveru hjúkrunarfræðings í leikskólum borgarinnar með sambærilegum hætti og tíðkast í grunnskólum landsins. Hjúkrunarfræðingi yrði falið að framkvæma almennar bólusetningar leikskólabarna við 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára aldur inni á leikskólunum, að höfðu samráði og gefnu samþykki foreldra. Þannig mætti tryggja aukna þátttöku barna í almennum bólusetningum.

Eins yrði kannað hvort fela mætti hjúkrunarfræðingi þroskamat og þroskaskimun barna inni á leikskólum við 12 mánaða, 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára aldur. Ætla má að leikskólar barnanna séu æskilegra umhverfi fyrir slíka þroskaskimun enda hefðbundið umhverfi barnanna. Eins gæti viðvera hjúkrunarfræðings stuðlað að bættu lýðheilsustarfi innan leikskólanna og betri viðbrögðum við þeim lýðheilsuvandamálum sem upp geta komið.

Greinargerð

Þátttaka í almennum bólusetningum á Íslandi er ekki viðunandi að mati sóttvarnalæknis. Minnki þátttaka enn frekar má búast við að hérlandis fari að breiðast út sjúkdómar sem ekki hafa sést um árábil.

Samkvæmt sóttvarnalækni skýrist óviðunandi þátttaka í bólusetningum við 12 mánaða, 18 mánaða og 4 ára aldur af ófullnægjandi skráningu bólusetninga að heilsugæslunni ásamt ófullnægjandi innköllunarkerfi en ekki andstöðu foreldra.

Í erindi dags. 2. apríl 2019 skorar sóttvarnalæknir að borgarstjórn að bæta og formfesta samstarf leikskóla við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins líkt og gert er í grunnskólum. Með viðveru hjúkrunarfræðinga í leikskólum væri hægt að bregðast við ýmsum lýðheilsuvandamálum sem þar koma upp eins og t.d. lúsarfaröldrum og njálga sem leikskólarinn eiga oft erfitt með að faist við og auðveldar allt samstarf við heilbrigðiskerfið. Skólahjúkrunarfræðingar geta einnig farið yfir bólusetningar barna líkt og gert er í grunnskólum og bent foreldrum að ef uirboita er þörf. Þessi nálgun myndi auka samstarf við foreldra, væri líkleg til að skila árangri og myndi bæta lýðheilsustarf innan veggja leikskólanna.

Með hliðsjón af aðvörun WHO um útbreiðslu mislingasmita í Evrópu, þeim mislingatilfellum sem greinst hafa hérlandis undanfarið og í ljósi þess að óbólusettum börnum fer fjölgandi hérlandis, er eðlilegt að Reykjavíkurborg bregðist við stöðunni og taki áskorun sóttvarnalæknis um aukið samstarf við heilsugæsluna við bólusetningar barna og önnur lýðheilsuvandamál.

Eins er lagt til að hjúkrunarfræðingi verði falið þroskamat og þroskaskimun leikskólabarna inni á leikskólunum sjálfum, við 12 mánaða, 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára aldur. Ætla má að leikskólar barnanna séu æskilegra umhverfi fyrir slíka þroskaskimun enda hefðbundið

umhverfi barnanna.

Þannig er lagt til að þær almennu bólusetningar og þroskaskimanir sem frakmvæmdar eru á börnum á leikskólaaldri, samkvæmt neðanrituðu yfirliti frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, verði framkvæmdar inni á leikskólum af hjúkrunarfræðingi:

12 mánaða	Hjúkrunarfræðingur	Skoðun, þroskamat og bólusetning gegn kíghósta, barnaveiki, stífkrampa, haemofilus influenzae sjúkdómi gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu, pneumókokkum í annarri sprautu. PEDS Mat foreldra á þroska barna.
18 mánaða	Hjúkrunarfr. og lækni	Skoðun, þroskamat og bólusetning gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu, PEDS Mat foreldra á þroska barna
2 1/2 árs	Hjúkrunarfræðingur	Skoðun, PEDS Mat foreldra á þroska barna, Brigance þroskaskimun
4 ára	Hjúkrunarfræðingur	Skoðun, sjónpróf, PEDS Mat foreldra á þroska barna, Brigance þroskaskimun og bólusetning gegn kíghósta, barnaveiki og stífkrampa í einni sprautu

Tillögunni til fyllingar er vísað til (a) greinargerðar með tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að gera almennar bólusetningar að skilyrði við inntöku á leikskóla Reykjavíkurborgar og (b) umsögn sóttvarnarlæknis dags. 2. apríl 2019.